

Ársfundur öryggishóps SKÝ 2013

Grand hóteli, miðvikudaginn 20. mars 2013 kl. 11:30-12:00

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
Hörður Helgi Helgason, formaður öryggishópsins var sjálfkjörinn fundarstjóri. Hörður Helgi lagði til að fundarritari yrði [•], í stjórn öryggishópsins og var hann einnig sjálfkjörinn.
2. Skýrsla stjórnar
Hörður Helgi gerði grein fyrir starfi öryggishópsins á liðnu starfsári. Fram kom að hópurinn hélt þrjá fundi, tvo hádegisverðarfundum og einn félagsfund, svonefndan „sellufund“: „Spjaldtölvur og tölvuský á vinnustaðnum – öryggismál –“, þann 4. apríl 2012, á Grand hóteli; „Netið, ungmenni og upplýsingaöryggi“, þann 14. nóvember 2012, á Grand hóteli; „CERT-ÍS: Samráðsvettvangur, netöryggissveit“, þann 24. október 2012, að Engjateigi 9. Þá voru haldnir níu stjórnarfundir á starfsárinu.
3. Næsta stjórnarkjör verður árið 2014
Núverandi stjórn var kosin til tveggja ára á síðasta ársfundi. Því kemur ekki til stjórnarkjörs þetta árið.
4. Breytingar á samþykktum
Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar, sem ákveðið var á stjórnarfundum 5. mars 2013 að leggja fyrir ársfundinn, að svofelldri breytingu, í tveimur liðum, á samþykktum öryggishópsins:
I
3. gr. samþykktanna hljóðar nú þannig:
„Halda skal að minnsta kosti einn almennan fund árlega, í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Hann hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjörs. Stjórnin er kosin til tveggja ára í senn og er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum.“
Lagt er til að í stað greinarinnar komi ný grein, svohljóðandi:
„Ársfundur faghópsins skal haldinn sem hluti af aðalfundi SKÝ. Þar skal stjórn kynna skýrslu sína fyrir líðandi starfsár, afgreiða skal þær tillögur að breytingum á samþykktum sem hafa borist með minnst viku fyrirvara og fram skal fara stjórnarkjör, auk afgreiðsla annarra mála. Stjórnin er kosin í einu lagi til eins árs í senn og er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.“
II
6. gr. samþykktanna hljóðar nú þannig:
„Samþykktum má eingöngu breyta á félagsfundi og skulu breytingartillögur hafa borist stjórnar með viku fyrirvara.“
7. gr. samþykktanna hljóðar nú þannig:
„Aðalfundur skal boðaður með lágmark tveggja vikna fyrirvara.“
Lagt er til að 6. og 7. gr. samþykktanna falli brott.
Greinargerð

Tillögur þessar eru lagðar fram í þeim tilgangi að fella saman ársfund faghópsins og aðalfund félagsins en flestir aðrir hópar félagsins munu þegar hafa farið þá leið á undanförunum árum. Þá er lagt til að kjörtímabil stjórnar hópsins verði til eins árs í senn, til einföldunar og samræmis við breytt fyrirkomulag ársfundar. Tillagan var samþykkt.

5. Önnur mál

a. Internet Policy Institute

Svana Helen Björnsdóttir benti á það starf sem á sér stað í Internet Policy Institute á Íslandi og mikilvægi upplýsingaöryggis þegar skoðað væri hvort Ísland geti orðið tilraunastofa fyrir sprotafyrirtæki.

Theodór R. Gíslason tók undir þessar ábendingar og lagði til að öryggishópurinn skoðaði aðkomu að slíku starfi.

b. Öryggiskúltúr

Sigurður Emil Pálsson hvatti til þess að öryggishópurinn beindi sjónum sínum að því að efla öryggiskúltúr hér á landi, enda nauðsynlegur þar sem tæknilegar og ytri öryggisráðstafanir séu dæmdar til að mistakast ef almenn meðvitund um öryggismál er slök.

6. Fundi slitið kl. 12:00